

**Ed.**

**1048. Nefndarálit**

**[321. mál]**

um frv. til vaxtalaga.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Kjarni þessa frumvarps felst í 17. gr. þar sem skilgreint er hvað teljist refsivert okur. Samkvæmt skilgreiningu greinarinnar er því aðeins refsivert að taka vexti „umfram gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum“ ef maður „hagnýtir sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns“. Með greininni er það lagt í vald dómara að meta hversu hátt vextirnir mega fara „umfram gildandi vaxtamörk“ áður en vaxtatakan telst refsiverð hagnýting á fjárþröng viðsemjandans, þ.e. refsivert okur.

Ljóst er að með samþykkt þessa frumvarps er verið að gefa mikinn slaka í átt til þess að lögleyfa óhæfilega vaxtatöku og er þetta fjórða stóra skrefið sem ríkisstjórnin hefur stigið á þeirri braut á jafnmörgum árum.

Fyrsta skrefið var samkomulag Steingríms Hermannssonar og Þorsteins Pálssonar um vaxtamál haustið 1984 en það hafði í för með sér að vextir fóru almennt mjög hækkandi. Ríkissjóður ýtti síðan enn frekar undir hækkun vaxta með stórhækkuðum vöxtum á verðtrygðum spariskírteinum.

Næsta skref fólst í því að stjórnvöld vanræktu að ákveða hámarksvexti en það hefur síðan valdið mikilli réttaróvissu eftir frægan dóm Hæstaréttar.

Þriðja skrefið var stigið með samþykkt nýrra seðlabankalaga sem enn frekar hafa grafið undan ákvæðum okurlaga.

Og nú á að stíga skrefið til fulls með því að takmarka lagaákvæði um okur við þokukennt ákvæði um misneytingu sem löngum verður erfitt að sanna að sé fyrir hendi.

Undirritaður telur sjálfsagt að tryggja að vextir séu aldrei neikvæðir, þ.e. lægri en hraði verðbólgunnar. Lán verða að halda verðgildi sínu þegar þau eru endurgreidd og lánveitandi á að fá hæfilega leigu fyrir afnotin. Neikvæðir vextir draga einnig úr sparnaði og éta upp eigið fé sameiginlegra sjóða sem verða að fá árleg framlög af fé skattgreiðenda til þess að halda í horfinu. Neikvæðir raunvextir eru því með öllu óviðunandi.

Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að koma í veg fyrir að tekið sé óhæfilegt endurgjald fyrir veitt lán.

Fyrir utan laun eru vextir og vaxtastig sá þáttur efnahagsmála sem vegur hvað þungst. Vextir ákveða verðgildi fjármagnsins. Því hærra metið sem fjármagnið er því minna svigrúm verður til launagreiðslna. Því meiri kröfur sem gerðar eru til arðsemi lánsfjármagns þeim mun meiri verða erfiðleikarnir hjá almennum framleiðslugreinum sem gengur þá verr í samkeppni við ýmiss konar gróðabrall.

Í hagkerfi, sem vex um 2–3% að meðaltali á ári, hljóta miklu hærri raunvextir að leiða til gjaldþrots þúsunda fyrirtækja og einstaklinga fyrr eða síðar. Lántakendur, sem flestir hafa enga möguleika til að ávaxta lánsfé með meiri hraða en sem svarar 2–3%, sökkva stöðugt dýpra í botnlausu skuldafeni og bilið breikkar ört milli þeirra sem eiga lánsfé og hinna sem aðallega skulda.

*Eitt brýnasta viðfangsefni íslenskra efnahagsmála er að marka vaxtastefnu sem hæfir íslensku þjóðfélagi og gengur hvorki út í öfgar neikvæðra vaxta né núverandi okurvaxta.*

Vissulega er óhjákvæmilegt að setja nýja löggjöf um vaxtamál, en þetta frumvarp er meingallað og stefnir að mínu áliti í alranga átt.

Undirritaður leggur til að frumvarpið verði tekið til endurskoðunar og því **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 18. mars 1987.

Ragnar Arnalds.